



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1657

komudagur 5.4.2004

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2.4. 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingu, 459.

Meðal grundvallarskyldna löggjafans er að hafa eftirlit með störfum framkvæmdavaldsins. Svo miklu varðar þetta hlutverk, að þingmenn geta án samþykkis þingheims lagt fram fyrirspurnir um einstaka þætti í athöfnum framkvæmdavaldsins og eiga rétt til svara. Svipað gildir um hlutverk sveitarstjórna eftir því sem við á.

Á síðustu árum hafa sífellt fleiri þættir í rekstri hins opinbera breytt um rekstrarform, bæði vegna undirbúnings að einkavæðingu en einnig vegna nýrra leikreglna í samkeppnisrétti og skyldna ríkisins á grundvelli EES-samningsins.

Þar til einkavæðing á sér stað, sé breyting á rekstrarformi áfangi á þeirri leið, fara einstakir ráðherrar áfram með raunverulegt vald yfir starfseminni. Í þeim tilvikum er ekki til að dreifa neinum aðilum sem ætlað er að hafa eftirlit með starfseminni eins og t.d. á við um hlutafélög á almennum markaði þar sem m.a. hluthafar gegna ákveðnu eftirlitshlutverki. Þrátt fyrir ótvíræðan rétt þingmanna til eftirlits og stjórnskipulega nauðsyn þess að aðhald sé veitt framkvæmdavaldinu hafa skýrar reglur um upplýsingarétt þingmanna ekki litið dagsins ljós. Er það sérstaklega á mælisvert þar sem nokkuð er umliðið síðan Umboðsmaður Alþingis lagði til að á því væri tekið.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið að settar verði skýrar reglur hér að lútandi sem tryggi þingmönnum og sveitarstjórnnum rétt til þeirra upplýsinga sem þeim eru nauðsynlegar til þess að geta sinnt hlutverki sínu í þágu almannahagsmuna.

Til íhugunar er hvort slíkar reglur þurfi ekki að ná lengra en lagt er til í frumvarpinu og verði látnar taka til þeirra félaga þar sem framkvæmdavaldið eða sveitarfélag fer með ráðandi hlut.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 130/1656
komudagur 5.4.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2. apríl 2004

Tilvísun: 2004030076

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum, 459. mál, réttur Alþingismanna til upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 22. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög, 459. mál, réttur Alþingismanna til upplýsinga.

Undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins falla ekki hlutafélög sem frumvarpið tekur til. Því tekur Fjármálaeftirlitið ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rut Gunnarsdóttir



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1910
komudagur 16.4.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.4.2004
Tilvísun 111
RÞJ

Efni: Umsögn um 459. mál, breytingar á lögum nr. 2/1995/upplýsingar um hlutafélög


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 22. mars síðastliðnum þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, 459. mál, réttur alþingismanna til upplýsinga.

Tillögur frumvarpsins um breytingar á 91. gr. laga nr. 2/1995 lúta að auknum aðgangi alþingismanna og sveitarstjórnarmanna að upplýsingum frá hlutafélögum sem ríkið á að minnsta kosti 50% hlut í án þess að gerður sé greinarmunur á því hvort að slík félög hafi verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða ekki.

Kauphöll Íslands getur ekki mælt með því að frumvarpið nái fram að ganga í núverandi mynd. Ekki er hægt að fallast á að einstaka alþingismenn eða Alþingi fái í hendur eða fjalla um upplýsingar um einstaka útgefendur verðbréfa sem skráð hafa verið á skipulegan verðbréfamarkað séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á verðmyndun þeirra bréfa. Hugtakið „opinbert málefni“ er ekki skilgreint í lögum 2/1995 en ekki er loku fyrir það skotið að hægt sé að teygja það yfir upplýsingar sem leynt skuli fara nema þær séu gerðar opinberar öllum með því að þeim sé miðlað til alls verðbréfamarkaðarins á sama tíma, þ.e. verðmótandi upplýsinga.

Veigamestu rökin fyrir ofagreindri fullyrðingu eru að samkvæmt lögum er útgefendum skráðra verðbréfa óheimilt að koma verðmótandi upplýsingum framfæri til annarra en nánar skilgreinds hóps fruminnherja og tímabundinna innherja nema með því að miðla þeim til skipulegs verðbréfamarkaðar sem miðlar þeim áfram til markaðsaðila, sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998. Reglunni er ætlað að tryggja jafnan aðgang fjárfesta og almennings að verðmótandi upplýsingu en þeim er miðlað samtímis til allra í fréttakerfi Kauphallarinnar. Verðmótandi upplýsingar eru innherjaupplýsingar sem er m.a. óheimilt að miðla til þriðja aðila nema í algerum undantekningatilvikum, sbr. IX. kafli laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti. Ofangreindum reglum er ætlað að tryggja veigamikla almannahagsmuni sem felast í trúverðugleika verðbréfamarkaðarins en ójöfn upplýsingagjöf er til þess fallin að skaða verðbréfamarkað og hafa neikvæð áhrif á seljanleika verðbréfa.

Hins vegar hvílir mjög rík upplýsingaskylda á útgefendum skráðra verðbréfa. Á grundvelli 17. og 24. gr. laga 34/1998 hefur Kauphöll Íslands sett reglur fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands og á Tilboðsmarkaði Kauphallarinnar. Upplýsingagjöf skráðra hlutafélaga til hlutabréfamarkaðarins er mjög rík og má þar nefna að krafist er ítarlegra upplýsinga um greiðslur til stjórnar og ædstu stjórnenda, þ.e. bæði um launagreiðslur, kaup- og sölurétt og hvers kyns óvenjulega samninga. Reglurnar gera í öllum meginatriðum sömu kröfur til upplýsinga frá útgefendum skráðra verðbréfa og gerðar eru á helstu verðbréfamörkuðum heimsins og er ríkt eftirlit með því að þær séu virtar.



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Kauphöll Íslands telur ekki ástæðu til að tjá sig um aðgang Alþingis að upplýsingum um óskráð hlutafélög.

Virðingarfyllt,

Ragnar Þ. Jónasson,
lögfræðingur.

RSK

Alþingi
Erindi nr. *P 130/1546*
komudagur *25. 3. 2004*

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVISUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2004 2004030457

Með bréfi dags. 22. mars sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um hlutafélög, 459. mál.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt


Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1781
komudagur 15.4.2004

14. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög, 459. mál, réttur alþingismanna til upplýsinga.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 22. mars 2004 þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint mál.

Seðlabanki Íslands telur sig ekki hafa forsendur til að fjalla efnislega um málið, þar sem það fellur utan þess sviðs sem bankanum er markað lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKA ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Sveinbjörn Hafliðason
aðallögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P/130/1909
komudagur 16. 4. 2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Samrit sent Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 14. apríl 2004.

Efni: Frv. til l. um br. á l. um hlutafélög nr. 2/1995 (459. mál) og frv. til l. um br. á l. um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 (458. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndunum fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem gera ráð fyrir því að hlutafélög í eigu ríkis eða sveitarfélags að hálfu eða meira verði gert skylt að veita Alþingi, eftir atvikum sveitarstjórnnum, sömu upplýsingar um opinbert málefni eins og ríkisfyrirtækjum. Ráðið leyfir sér hér með að veita umsögn um bæði frumvörpin í einu lagi enda eru þau tengd.

Verslunarráð hefur margoft bent á galla ríkisrekstrar. Ráðið hefur hvatt til þess að ýmis ríkisfyrirtæki verði gerð að hlutafélögum en um leið að losað verði um eignarhald hins opinbera því ráðið hefur talið óheppilegt að hið opinbera fari með verulegt eignarhald í hlutafélögum til lengri tíma. Ríkisrekstur í formi hlutafélaga er ekki eftirsóknarverður til lengri tíma. Tímabundið getur slíkur rekstur þó verið heppilegur ef markmiðið er að færa reksturinn úr höndum hins opinbera og ef gefa þarf tækifæri á einhvers konar aðlögun á markaðinum.

Mál 458

Jafnvel þótt Verslunarráð geti tekið undir það sjónarmið sem virðist liggja að baki frumvarpinu, að hlutafélög í meirihlutaeigu hins opinbera lúti ekki að öllu leyti sömu lögmálum og hlutafélög sem eru alfarið í eigu einkaaðila, telur Verslunarráð frumvarpið ekki heppilegt. Frumvarpið leggur að jöfnu þau hlutafélög sem eru að öllu leyti í eigu ríkisins og þau félög sem eru það aðeins að hálfu leyti. Verslunarráð telur ekki rétt að láta hlutafélög sem einungis eru að hálfu leyti í eigu hins opinbera lúta öðrum reglum en þeim almennu sem gilda um hlutafélög. Allir hluthafar hafa af því hagsmuni að almenn upplýsingagjöf og umræða um hlutafélagið fari fram á hluthafafundum. Almenn skylda til þess að veita hinu opinbera, sem einum hluthafa, sérstakan rétt til upplýsinga umfram aðra er til þess fallin að skapa óvissu um jafna stöðu hluthafa og er ekki í anda hlutafélagalöggjafar. Verslunarráð telur því ekki rétt að telja málefni hlutafélags, sem hugsanlega er ekki nema í helmingseigu hins

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564

Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

opinbera, opinbert málefni í skilningi laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991.

Mál 459

Með vísan til þess sem áður segir telur Verslunarráð ekki rétt að kveða á um almenna skyldu hlutafélaga í eigu ríkisins til sérstakrar upplýsingagjafar gagnvart Alþingi.

Að öðru leyti telur Verslunarráð rétt að fram komi að frá því að frumvörpin voru fyrst lögð fram hafa orðið töluverðar breytingar hvað upplýsingagjöf almenningshlutafélaga snertir. Þannig kveða nýjar reglur Kauphallar um ríkari skyldu til upplýsinga um t.d. kjör stjórnenda. Nýlega kynnti Verslunarráð *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* en eins og nefndinni er trúlega kunnugt um hafa þær hlotið góðar viðtökur íslenskra fyrirtækja og er ekki við öðru að búast en að þær verði stefnumarkandi m.a. um upplýsingagjöf fyrirtækja. Í inngangi að leiðbeiningunum er einmitt fjallað um stöðu opinberra fyrirtækja og hvatt til þess að hið opinbera tileinki sér þær hugmyndir sem að baki leiðbeiningunum liggja. Verslunarráð vonar að ráðherrar sem fara með hluti ríkisins í hlutafélögum bregðist ekki síður vel við en almenn fyrirtæki á markaði hafa gert. Í þessu ljósi telur Verslunarráð þær áhyggjur sem fram koma í greinargerðum með ofangreindum frumvörpum ekki knýja á um svo róttækar breytingar á meginreglum hlutafélagaréttar sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,



Sigríður Ásthildur Andersen.